

## Stjórn Strætó bs.

Ár 2017, föstudaginn 6. janúar, var haldinn 257. fundur í stjórn Strætó bs. á Hesthálsi og hófst hann kl. 11:15. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fjarverandi: Sverrir Oskarsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

### Tekið fyrir:

#### 1. Ferðaþjónusta fatlaðra

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaða þjónustukönnun á meðal notenda ferðaþjónustu fatlaðra. Stefnt er að því að þjónustukönnun verði gerð á fyrsta ársfjórðungi 2017.

Einnig var til umræðu þjónustutími ferðaþjónustunnar á stórhátíðardögum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda erindi til félagsmálastjóra aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins vegna þessa og gera viðeigandi breytingar í samráði við þá.

#### 2. Starfsmannafundur Strætó

Umræða um sameiginlegan fund stjórnar með starfsmönnum Strætó.

Samþykkt var að halda sameiginlegan fund stjórnar með starfsmönnum Strætó á fyrsta ársfjórðungi 2017. Framkvæmdastjóra var falið að koma með tillögu að fyrirkomulagi fundarins, m.a. með tilliti til vakta starfsmanna.

#### 3. Akstur Strætó á Hverfisgötu

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaða breytingu á akstursleiðum og hvaða leiðir muni færast frá Sæbraut yfir á Hverfisgötu vorið 2017 og fram á haust vegna breytinga á Geirsgötu. Í haust munu síðan ákveðnar leiðir byrja að keyra Hverfisgötu til frambúðar.

#### 4. Ábyrg ferðaþjónusta, Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð

Stjórnarformaður fór yfir fyrirhugaða þátttöku Strætó í verkefninu *Ábyrg ferðaþjónusta* sem Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð stendur fyrir.

Markmið verkefnisins er að fá sem flest fyrirtæki til að sammælast um ábyrga ferðaþjónustu á Íslandi.

Guðlaug Kristjánsdóttir vék af fundi.

#### 5. Mælaborð Strætó janúar til desember 2016

Fjármálastjóri lagði fram yfirlit yfir helstu lykilstærðir í rekstri Strætó fyrir tímabilið janúar - desember 2016.

Fleira var ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið kl. 13:00**

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Bryndís Haraldsdóttir  
Guðlaug Kristjánsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason